LISTIR

Heillaður af leikhúsinu á tímum Shakespeares

Leikhópurinn á Nýja sviðinu frumsýnir í kvöld Vetrarævintýri Shakespeares undir heitinu Sumarævintýri. **Inga María Leifsdóttir** hitti leikstjórann, Benedikt Erlingsson, að máli.



Morgunblaðið/Jim Smart

Umgjörð sýningarinnar er afar einföld og túlka sjö leikarar fjörutíu persónur.

SUMARÆVINTÝRI verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld, en sýningin er byggð á Vetrarævintýri Shakespeares. Uppfærslan er nýjasta afkvæmi leikhópsins á Nýja sviðinu og er leikstjórn í höndum Benedikts Erlingssonar. „Þetta verk er mikið ævintýri. Í því orði felst ákveðið samkomulag milli leikarans og áhorfandans, rétt eins og barnið sem biður pabba sinn að segja sér ævintýri, og mig langaði til þess að setja áhorfendur í þær stellingar, að horfa á ævintýri og komast að þessu samkomulagi sem til þarf," segir leikstjórinn þegar hann sest niður með blaðamanni.

Hugmyndin að því að taka Vetrarævintýri Shakespeares fyrir kemur frá Benedikt í samvinnu við leikhópinn á Nýja sviðinu, en þetta er þriðja verkefnið sem hann vinnur með hópnum. „Reyndar fór ég öfuga leið – ég gekk með ákveðið konsept í maganum og leitaði svo að leikriti sem gæti átt við það," segir hann, og segir að konseptið skýri sig sjálft fyrir þeim sem sjá sýninguna.

Eitt heljarinnar sápuþrugl

Vetrarævintýri hefur breyst í Sumarævintýri í uppfærslunni í Borgarleikhúsinu. Hver er ástæðan fyrir þessari breytingu? „Þó að Shakespeare sé höfundur leiktextans, erum við höfundar leiksýningarinnar, og veljum að kalla hana Sumarævintýri. Leikrit Shakepeares er saga sem hefst um vetur og endar um sumar, og niðurstaðan gerist um sumar. Þess vegna finnst okkur þetta heiti viðeigandi," svarar Benedikt. „Það er auðvitað líka gert í þeim tilgangi að gefa okkur ákveðið frelsi. Við erum að setja upp sýningu sem heitir Sumarævintýri, þó að inni í henni sé Vetrarævintýri Shakespeares."

Vetrarævintýri, A Winter's Tale, var frumsýnt árið 1611 í Globe-leikhúsinu. Þar segir frá konungum af Bæheimi og Sikiley og fjölskyldum þeirra, meintu framhjáhaldi, fangelsun, svikum, dauða, ást og afbrýðisemi á léttum og rómantískum nótum – allt sem þarf í góða sápuóperu jafnt fyrr á tímum sem nú til dags. „Gamanleikir Shakespeares eru oft á tíðum eitt heljarinnar sápuþrugl, þar sem flétt-an er flókin og ótrúleg, og Vetrarævintýri er slíkur gamanleikur, þótt hann hefjist sem alger harmleikur. Á Shakespearetímanum fólst skilningur áhorfenda á þessu tvennu einungis í endinum, ef hann var jákvæður var það gamanleikur, ef hann var sorglegur var það harmleikur. Stíll eða viðfangsefni gátu verið alveg eins, og fyrir vikið höfðu höfundar bæði harmleikja og gamanleikja leyfi fyrir alls konar trúðleikjum, „comic relief" og drama. Þá var formið frjálsara – seinna meir var svo farið að útvatna og einlita í leikhúsinu."

Í verkinu koma fjörutíu persónur við sögu, en leikararnir á sýningunni í Borgarleikhúsinu eru einungis sjö. Hvernig leysir leikstjórinn þetta mál? „Á tímum Shakespeares voru yfirleitt átta eða tólf leikarar í leikhópnum og það þarf ekki fleiri til – það er hægt að leika öll verk hans með þessum leikarafjölda. Það er vitað að Shakespeare lék sjálfur í þó nokkrum verkum sínum, yfirleitt persónur sem dóu fyrir hlé svo hann gæti gert upp kassann í lok sýningarinnar. Við leysum þetta mál því auðveldlega," svarar hann.

Umgjörð sýningarinnar er afar einföld og segist Benedikt hafa orðið fyrir áhrifum af leikhúsi á tímum Shakespeares við uppsetninguna. „Ég er heillaður af leikhúsinu eins og það var á þeim tíma – þá þurfti bara eitt vínglas til að gefa til kynna að senan gerðist innan dyra, eða ákveðið hljóð til að fara útí skóg. Það eina sem við höfum úr að spila hérna, líkt og á tímum Shakespeares, er leikpallurinn, eða búðin, og nokkrir leikmunir auk leikaranna. Það sem við höfum svo umfram eru ljósin."

Benedikt segir að í Sumarævintýri sé leitast við að fjalla um leikhúsið sjálft að vissu leyti og vera tilraun til innsýnar inn í það fyrirbæri, sem leiklist er. „Það hvernig við manneskjur höfum búið til þetta tæki, leikhúsið, til að spegla okkur sjálf er eitt viðfangsefnanna í sýningunni. Í þessari sýningu er á ferðinni eins konar leikhúsverksmiðja sem segir sögur og framleiðir ævintýri. Í heildina er Sumarævintýri svo saga um fyrirgefningu, sem er saga sem allir hafa gott af að láta segja sér aftur og aftur."

ingamaria@mbl.is

Sumarævintýri

byggt á Vetrarævintýri eftir William Shakespeare
Leikstjóri: Benedikt Erlingsson.
Leikendur: Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Halldóra Geirharðsdóttir, Harpa Arnardóttir, Sóley Elíasdóttir, Sveinn Þórir Geirsson og Þór Tulinius.
Tónlist: Leikhópurinn.
Lýsing: Kalle Olav Ropponen.
Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson.
Búningar: Guðrún Lárusdóttir.



„Það hvernig við manneskjur höfum búið til þetta tæki, leikhúsið, til að spegla okkur sjálf er eitt viðfangsefnanna í sýningunni," segir leikstjóri Sumarævintýrisins, Benedikt Erlingsson.

Í DAG

Skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsi er Vilborg Dagbjartsdóttir. Kl. 13 verður opnuð sýning á verkum Vilborgar og umfjöllun um Vilborgu hefst á Skólavefnum, www.skolavefurinn.is. Við opnunina les Vilborg úr verkum sínum og sýningin og efnið á Skólavefnum verður kynnt.



Vilborg Dagbjartsdóttir

Skáld mánaðarins er samvinnuverkefni Þjóðmenningarhúss, Skólavefjarins ehf. og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem setur upp sýninguna í bókasal Þjóðmenningarhúss. Á sýningunni gefur að líta bækur höfundar, eiginhandrit og myndskreytingar. Á Skólavefnum er kynning á verkum Vilborgar og viðtal við hana auk þess sem hún mun svara spurningum á vefnum.

Málþing um þjóðerni verður kl. 20 í fundarsal ReykjavíkurAkademíunnar í JL-húsinu við Hringbraut. Það er Stofnun Sigurðar Nordals og ritstjórn greinasafnsins Þjóðerni í þúsund ár? sem stendur að málþinginu. Þar verða flutt þrjú erindi sem byggjast á greinum sem birtust í bókinni auk þess sem einn ritstjóra, Sverrir Jakobsson, kynnir efni bókarinnar og hugmyndina að baki henni. Gottskálk Þór Jensson flytur erindið „Um söguleysi íslenskrar sagnfræði. Íslenskt þjóðerni og evrópsk latínumenning." Jón Yngvi Jóhannsson nefnir erindi sitt „Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendusýninguna 1905" og Katrín Jakobsdóttir nefnir sitt erindi „Ísland í aðalhlutverki. Þjóðernisstefna Morgunblaðsins."

Jónas Ingólfur heldur málverkasýningu í K-byggingu LSH í dag og á morgun. Jónas greindist með krabbamein árið 2002 og byrjaði í endurhæfingu á göngudeildinni í Kópavogi í nóvember sama ár. Hann varði miklum tíma í Listasmiðju iðjuþjálfunar við að mála myndir og svo heima við eftir þjálfun. Sjá má afraksturinn eftir tímabilið á sýningunni.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Sýningum lýkur

Borgarleikhúsið – Kvetch

Sýningum á leikritinu Kvetch, eftir Steven Berkoff, sem Leikhópurinn Á senunni sýnir í Borgarleikhúsinu, fer fækkandi og verða síðustu sýningar á sunnudag 24. apríl og 3. maí.

Tjarnarbíó – Undir hamrinum

Sýningum Hugleiks á leikritinu Undir Hamrinum fer senn að ljúka og eru þrjár sýningar eftir: í kvöld, annað kvöld og miðvikudagskvöld.

Utankjörstaðaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins
Valhöll, Háaleitisbraut 1, 3. hæð,
105 Reykjavík – Símar 515 1735 og 515 1736
Bréfasími 515 1739 – Farsími 898 1720
Netfang: oskar@xd.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninganna 10. maí er hafin. Kosið er hjá sýslumönnum og hreppstjórum um land allt, sendiráðum og mörgum ræðismönnum erlendis. Í Reykjavík er kosið í Skógarhlíð 6, virka daga frá kl. 9-15.30 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 10-14.

Utankjörstaðaskrifstofan veitir allar upplýsingar og aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins www.xd.is og á upplýsingavef dómsmálaráðuneytisins www.kosningar2003.is.

Sjálfstæðisfólk! Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, t.d. námsfólk erlendis.

Stjórnleysi til mótvægis mýktinni

EYGLÓ Harðardóttir opnar innsetningu í Kúlunni í Ásmundarsafni kl. 17 í dag og er það jafnframt lokasýning sýningarþrennunnar sem hófst þar um miðjan janúar. Hinir listamennirnir sem sýnt hafa í Kúlunni eru Tumi Magnússon og Finnbogi Pétursson.

Listamennirnir hafa nálgast viðfangsefni sitt út frá ólíkum forsendum en um upplifun sína af Kúlunni segir Eygló m.a. í sýningarskrá: „Bygging Ásmundar er tenging við annan heim en þann sem við höfum oftast fyrir augunum í íslenskri byggingarlist. Þegar staðið er inni í kúlunni er lítið jarðsamband; þegar horft er út um gluggana þarf að hafa meira fyrir því að sjá niðurávið en uppávið. Þannig er skynjun áhorfandans háð aðstæðum hans. Það er eins og að vera staddur inni í risaauga að vera inni í kúlunni og horfa út um gluggana. Sjónrænt býr kúlan yfir mikilli mýkt. Mér fannst verkið þurfa að búa yfir einhverri óreiðu, stjórnleysi sem mótvægi við mýktina."

Sýning Eyglóar í Kúlunni stendur til 11. maí. Opið alla daga kl. 13-16.



Morgunblaðið/Golli

Eygló Harðardóttir opnar innsetningu í Kúlunni í dag kl. 17.